

Fundargerð 54. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 5. júní 2019, kl. 10:30

Dagskrá:

1. Erindi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til stýrihópsins, dags. 9. apríl sl.
2. Endurnýjun sóknaráætlunarsamninga
3. Samráðsfundur stýrihópsins og landshlutasamtakanna 11. júní
4. Byggðaaætlun 2018-2024
5. Önnur mál

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Arnar Freyr Einarsson (ANR), Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Karitas Gunnarsdóttir (MRN, mætti kl. 10:50), Karl Björnsson (Sambandinu, fór kl. 11.50), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Sigríður Valgeirsdóttir (ANR), Sigurður Guðmundsson (FJR), Þór Þórarinnsson (FRN, mætti kl. 10:55), Unnur Valborg Hilmarsdóttir (landshlutasamtökunum, var í símasambandi), Laufey K. Skúladóttir áheyrnarfrt Bst. og Sigríður K. Þórgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Árni Freyr Stefánsson (SRN), Björn Helgi Barkarson (UAR), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Hrund Hafsteinsdóttir (UTN) og Þórarinn Sólmundarson (MRN).

Fundargerð 53. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Formaður bauð Laufeyju K. Skúladóttur, nýjan áheyrnarfulltrúa Byggðastofnunar velkomna.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Erindi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til stýrihópsins, dags. 9. apríl sl.

Formaður skýrði frá stöðu mála og þeim fundum sem haldnir hafa verið, annars vegar í atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu og hins vegar umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Enn liggur ekki fyrir hvort önnur ráðuneyti hafi hug á að tengjast nýjum sóknaráætlunarsamningum með beinum hætti. Þau mál verða áfram í skoðun. Formaður mun gera drög að bréfi sem stýrihópurinn fær til umsagnar.

2. Endurnýjun sóknaráætlunarsamninga

Formaður hafði sent fundarmönnum uppfærð drög að nýjum samningum og fór í gegnum breytingarnar. Talsverðar umræður urðu um þennan lið sem tók megingátíma fundarins. Formaður vinnur áfram með drögin og sendir stýrihópnum og framkvæmdastjórum landshlutasamtakanna.

3. Samráðsfundur stýrihópsins og landshlutasamtakanna 11. júní

Formaður hefur sent út drög að dagskrá fundarins, en þar munu landshlutasamtökin skýra frá því hvar vinna við nýjar sóknaráætlanir stendur og samningsdrögin rædd.

4. Byggðaaætlun 2018-2024

Formaður upplýsti að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur ákveðið að láta gera jafnréttismat á áætluninni og er sú vinna hafin og gert ráð fyrir að henni ljúki í haust. Næsta þriðjudag, 11. júní, þegar rétt ár er liðið frá samþykkt byggðaaætlunar verður haldinn blaðamannafundur þar sem forsætisráðherra,

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og fulltrúi Byggðastofnunar munu kynna þjónustukortið (aðgerð A.2) og opna vefgáttina formlega.

5. Önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:07